

Ár 2014, föstudaginn 30. maí kl: 13:00 kom bæjarstjórn Hveragerðisbæjar saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Ninna Sif Svavarsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Elínborg Ólafsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson í forföllum Unnar Þormóðsdóttur, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Njörður Sigurðsson í forföllum Róberts Hlöðverssonar.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Ninna Sif Svavarsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Fundagerðir.

1.1. Skóla og velferðarnefndar Árneshvíls frá 14. maí 2014.

1.2. Fræðslunefndar frá 19. maí 2014.

2. Leiðrétting á kjörskrá vegna flutnings lögheimilis..

3. Fundagerðir til kynningar:

3.1. Bæjarstjórnar frá 16. maí 2014.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Fundagerðir;

1.1. Skóla- og velferðarnefndar Árneshvíls frá 14. maí 2014.

Enginn tók til máls:

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.2. Fræðslunefndar frá 19. maí 2014.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir.

Vegna liðar 1 leggur meirihluti bæjarstjórnar fram eftirfarandi bókun:

Meirihlutinn fagnar því að það markmið sem sett var í upphafi kjörtímabils um að 18 mánaða börn skuli fá tilboð um leikskóladvöl skuli enn og aftur hafa náðst en nú hefur foreldrum þessa hóps verið tilkynnt um að leikskólanám muni hefjast að afloknu sumarfrí leikskólanna.

Ennfremur er ánægjulegt að geta þess að nú virðist hafa rofað til varðandi dagforeldra en ef að fram fer sem horfir munu fleiri bætast í þann hóp á næstunni.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Leiðrétting á kjörskrá vegna flutnings lögheimilis.

Lagt fram bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir því að Heimir Freyr Geirsson verði settur inn á kjörskrá í Hveragerði.

Enginn tók til máls:

Bæjarstjórn samþykkir að breyta kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 31. maí þannig að Heimir Freyr Geirsson verði á kjörskrá.

3. Fundagerðir til kynningar;

3.1. Bæjarstjórnar frá 16. maí 2014.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:09

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Eypór H. Ólafsson, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)